

7. fundur, 20. desember 2017

Dagskrá:

1. Tilboð í útgáfu fréttablaðs og skýrslu stjórnar.
Gert hefur verið samkomulag við Evu Björk Benediksdóttur um að skrifa blaðið.
Tilboð í umbrot og prentun frá Bleki og Ásprenti.
Samþykkt að semja við þau fyrirtæki. Áætlaður kostnaður 1.000.000 kr.
2. Nýr starfsmaður.
Harpa Þorvaldsdóttir lögfræðingur hefur verið ráðin til starfa á skrifstofunni.
3. Fiskikvöld stjórnar o.fl.
Rætt um hvort hafa ætti fiskikvöld í janúar í stað jólafundar.
Ákveðið að dreifa hittingum fólks í trúnaðarstörfum yfir árið.
4. Starfsdagur trúnaðarmanna.
Stefnt að því að hafa hann í 3. viku janúar.
5. Ný merki FVSA.
Tillögur að nýju merki lágu fyrir frá Bleki.
Tillögurnar voru ræddar og afstaða ekki tekin.
Umræða um nafnabreytingu á félaginu kom aftur upp, það á að taka til athugunar.
6. Leiga á íbúð á Spáni.
Félaginu hefur boðist íbúð á Spáni til leigu.
Hafnað.
Skoða möguleika um kaup á íbúð.
7. Önnur mál.
Gistimiðar á Fosshótel hækka um 900 kr. Samþykkt að félagsmenn beri þann kostnað.